

Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands haldinn í safnaðarheimili  
Reyðarfjarðarkirkju 13. október 2006 kl.15:00.

Eftirtaldir eru mættir fyrir hönd aðildarsveitarfélaganna.

Fjarðabyggð	Gunnlaugur Sverrisson
Fljótsdalshérað	Þráinn Lárusson
Breiðdalshreppur	Jónas Bjarki Björnsson
Djúpavogshreppur	Halldóra D. Hafþórsdóttir
Seyðisfjarðarkaupstaður	Daníel Björnsson
Fljótsdalshreppur	Gunnþórunn Ingólfssdóttir
Vopnafjarðarhreppur	Einar B.Kristbergsson

1. **Setning fundarins.**

Jósef Friðriksson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og gekk því næst til dagskrár.

2. **Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Jósef Friðriksson var kosinn fundarstjóri og Jón Björn Hákonarson fundarritari.

3. **Skýrsla stjórnar.**

Jósef Friðriksson flutti skýrslu stjórnar

4. **Ársreikningar 2005.**

Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður fór yfir ársreikninga ársins 2005. Hagnaður af rekstri ársins voru 1.825.338,- kr. Rekstrartekjur ársins voru 43.130.268,- kr. Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir alls 19.413.146,- kr. og handbært fé 15.177.847,- kr. Hrein eign er 7.262.902,-kr.

Fundarstjóri gaf svo orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikninga. Forstöðumaður svaraði fyrirspurnum. Ársreikningar voru svo bornir upp fyrir fundarmenn og þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

5. **Fjárhagsáætlun fyrir 2007.**

Forstöðumaður lagði fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 og skýrði hana. Tillaga stjórnar um fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir rekstrarhalla um 4.800.000,- kr. Heildartekjur eru 46.988.470,- kr. Þar af framlög sveitarfélagana 40.776.470,- kr. Rekstrargjöld eru áætluð 51.788.470,- kr. Framlög sveitarfélaganna hækka því um 5% í heild. Fundarstjóri gaf svo orðið laust um fjárhagsáætlunina. Forstöðumaður svaraði fyrirspurnum um áætlunina. Að því loknu var fjárhagsáætlunin borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. **Kosningar.**

Formaður stjórnar var kjörin  
Svanhvít Aradóttir, Fjarðabyggð

Aðrir stjórnarmenn:

Þráinn Lárusson, Fljótsdalshéraði  
Elva Rúnarsdóttir, Seyðisfjarðarkaupstað  
Einar Björn Kristbergsson, Vopnafjarðarhreppi  
Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, Djúpavogshreppi

Til vara voru kjörnir:

Jósef Friðriksson, Fjarðabyggð  
Þorbjörn Rúnarsson, Fljótshéraði  
Páll Baldursson, Breiðdalshreppi  
Þorvaldur Ingimarsson, Fljótshreppi  
Margrét Hjarðar, Borgarfjarðarhreppi

Áður taldir stjórnarmenn voru kjörnir einróma.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörnir: Þóroddur Helgason og Kristinn Briem frá Fjarðabyggð og til vara Sigurlaug Jónasdóttir Fljótshéraði og Andrea Borgþórsdóttir Fjarðabyggð

#### 7. Önnur mál.

Jón Björn Hákonarson óskaði nýju stjórninni velfarnaðar og hvatti hana til að vinna hag Skólaskrifstofunnar sem mest og einnig að stjórnarmenn ræddu við sínar sveitarstjórnir um framtíð hennar og fjármál í vetur.

Jósef Friðriksson fráfarandi formaður og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður þökkðu fráfarandi stjórn og óskuðu nýrri stjórn velfarnaðar. Gunnþórunn Ingólfssdóttir þakkaði fráfarandi stjórn og skrifstofunni fyrir góð störf.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:05.

Fundargerðarritari Jón Björn Hákonarson